

Fundargerð

Fjarfundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 1. febrúar 2021 og hófst hann kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Ásgrímur Angantýsson og Steinunn Stefánsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Endurskoðun íslenskrar málstefnu

Sjá fg. stj. ÍM 1/2021. Vinna við íslenska málstefnu er langt komin. Fara þarf yfir textann og huga m.a. að ýmsum samræmingaratriðum. Stjórnarmenn skulu senda ritara breytingartillögur fyrir 10. febrúar og ný gerð málstefnunnar á að liggja fyrir á næsta stjórnarfundum sem haldinn verður 1. mars.

2. Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2021

Ályktun um stöðu tungunnar 2021 mun fjalla um skólakerfið. Fyrstu drög að áætluninni verða tilbúin fyrir næsta stjórnarfund.

3. Málræktarþing 2021

Málræktarþing verður haldið 26. september og áætlað er að það verði í Safnahúsinu. Að þessu sinni mun málþingið fjalla um íslenskukennslu. Miðað verður við að hafa fjögur erindi á málræktarþinginu auk þess að kynnt verður árleg ályktun um stöðu tungunnar og veittar viðurkenningar.

4. Önnur mál

a. Fundur fullskipaðrar málnefndar

Sjá fg. stj. ÍM 1/2021. Ákveðið hefur verið að fundur í fullskipaðri málnefnd verði haldinn í apríl í stað 18. febrúar eins og áður hafði verið ákveðið.

b. Málþing norrænu málnefndanna

Þing norrænu málnefndanna verður haldið 26.–27. ágúst í Noregi. Þingið verður rafrænt.

c. Nordterm 2021

Íðorðaráðstefnan Nordterm verður haldin á Zoom dagana 1.–2. júní. Finnska íðorðastofnunin TSK sér um að halda ráðstefnuna í ár. Hér má lesa nánari upplýsingar um ráðstefnuna: http://www.tsk.fi/tsk/sv/nordterm_2021-544.html.

d. Ábending

Íslenskri málnefnd barst tilkynning um áberandi merkingar á ensku fyrir kaffihús hjá Pennanum Eymundsson í Austurstræti. Formanni var falið að senda ábendingu.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 18:10.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.